

Delta deild – Aðalfundur haldinn í Brúðuheimum í Borgarnesi 27.maí kl.17:30

Áður en formlegur fundur hófst skoðuðu fundargestir Brúðuheima undir góðri leiðsögn Hildar Magneu Jónsdóttur framkvæmdastjóra Brúðuheima. Stórkostlegt var að skoða og sjá alla þá miklu vinnu og listaverk sem brúðuleikarinn Bernd Ogrodnik hefur skapað í gegnum tíðina.

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir formaður setur fund og kveitir á kertum þremur. Hún skipaði Sigurveigu Sigurðardóttur fundarstjóra og vegna fjarveru ritara þá er Brynja Helgadóttir beðin um að rita fundargerð.

Formaður les skýrslu stjórnar sl.2 ár og í framhaldi af því tekur Elísabet Jóhannesdóttir við og fer yfir rekstrarreikninga deildarinnar fyrir árin 2008 – 2010. Reikningar voru samþykktir samhljóða, ein fyrirspurn kom vegna kostnaðar v/nælur og var því svarað að ákveðið hefði verið að deildin gæfi tveimur nýjum félagskonum nælur við inngöngu í Delta.

Uppstillinganefnd (Brynja Helgadóttir, Sigurveig Sigurðardóttir og Soffía Sigurjónsdóttir) – fyrir hönd uppstillinganefndar gerði Soffía Sigurjónsdóttir grein fyrir tillögum nefndarinnar sem voru eftirfarandi:

Formaður: Elísabet Jóhannesdóttir

1. varaformaður : Þórunn Reykdal

2. varaformaður: Theodóra Þorsteinsdóttir

Ritari: Halldóra Jónsdóttir

Fundarmenn samþykktu samhljóða tillögu uppstillinganefndar og því skipa þessar heiðurskonur stjórn Delta næstu tvö árin.

Elísabet Jóhannesdóttir segir frá vorþinginu sem haldið var í apríl sl. en hann sóttu sex félagskonur frá deildinni okkar Delta. Elísabet sagði ma. frá áhugaverðum fyrirlestri frá Kársnesskóla um skipulag útikennslu í Kópavogi og fleiru. Voru fyrirlestrar af ýmsu tagi og tengdust þeir einnig mikilvægi þess „að muna eftir að hugsa um sjálfa sig“ og ekki að gleyma sér við að taka of mikið að sér. Þetta vorþing þótti mjög áhugavert og skemmtilegt.

Síðan var komið að því sem tilheyrir öllum okkar fundum: Orð til umhugsunar/mér er efst í huga - að þessu sinni talaði Þórunn Reykdal um þá umhugsun um börnin okkar í því þjóðfélagi sem við lifum í „menntun sjálfbærrar þróunar – neyta og henda í stað vernda“ og mikilvægi þess að allir geti lagt sitt af mörkum og hjálpast að. Þá var komið að happdrættinu okkar og að þessu sinni kom vinningurinn í hlut Ingibjargar Jónasdóttur landssambandsforseta sem var gestur okkar á þessum fundi ☺.

Ingibjörg Adda fráfarandi formaður kallar upp stjórnarmeðlimi fráfarandi stjórnar þakkar fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Færir þeim rós og býður síðan nýjar stjórnarkonur velkomnar einnig með rauðri rós. Þá var gesti fundarins Ingibjörgu þakkað fyrir komuna og henni færð rós frá deildinni okkar. Ingibjörg tók til máls og sagði frá sam/systrahug í samtökunum og minnti á næsta Evrópuþing, sagði frá því hversu

gaman það er að sækja þing erlendis. Hún hvetur félagskonur til að byrja að safna fyrir næsta þingi sem verður eftir 2 ár í Þýskalandi.

Að lokum þakkar Ingibjörg Adda uppstillinganefnd fyrir sín störf – færir þeim rós og nýjum formanni færir hún formannsnælu að gjöf. Að þessu loknu var ánægjulegum fundi slitið kl.20:00 og voru það glaðar og kátar félagssystur sem héldu út í sumarið.

Brynja Helgadóttir